



# Mapecfloor SL



## Sjálfútleggjandi epoxýmálning



### NOTKUNARSVIÐ

Mapecfloor SL er hægt að nota sem gólfefni í öllum tegundum iðnaðar, á verkstæðum og vöruhúsum.

Mapecfloor SL er venjulega borið á steinsteypu og annað yfirborð úr steinsteypu, en má einnig nota á yfirborð úr stáli.

### TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Mapecfloor SL er þriggja þátta epoxýmálning án leysiefna.

Mapecfloor SL inniheldur fylliefni og myndar mjög núningsþolna, vatnsþétta og kemískt þolna húðun án samskeyta.

Mapecfloor SL er afgreitt í litum, sem fram koma á litaspjaldi.

Mapecfloor SL er í samræmi við meginreglurnar sem skilgreindar eru í EN 1504-9 stöðlum ("Vörur og kerfi til verndunar og viðgerða á steinsteypumannvirkjum. Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og samræmismat. Almennar meginreglur um notkun og beitingu kerfa"), og kröfur EN 1504-2 ("Verndunarkerfi fyrir steypu yfirborð") fyrir flokkun: vörur fyrir verndun yfirborðs - húðun (C) - PI, MC, PR og IR.

Mapecfloor SL í samræmi við EN 13813.

### AÐFERÐ VIÐ NOTKUN

#### Undirbúningur undarlags:

Steinsteypan verður að vera traust, hrein og ryklaus með slétt og stöðugt yfirborð. Hægt er að nota venjulegar aðferðir hreinsun eins og fræsing, slípun eða sandblástur. Yfirborðshiti undirlags á að vera hið minnsta +12 °C og hið minnsta 3 °C fyrir ofan viðeigandi daggarmark þegar efnið er borið á.

#### Undirbúningur vöru:

Hlutar A og B eiga að vera með hitastig sem nemur 15 °C eða hærra þegar þeim er blandað saman. Hluta B er hellt í fötu með hluta A, og blandað saman með borvél og hræru á lágum hraða í um það bil 3 mínútur þar til að blandan hefur aðlagast að fullu. Blandið síðan hluta C í blönduna og hrærið þar til að blandan hefur aðlagast að fullu.

Það má ekki þynna efnið!

#### Efnið borið á:

#### Notað sem eins lags epoxýmálning 1 - 2,5 mm a. Grunnar

Ávallt skal hreinsa og undirbúa yfirborðið með grunni (eins og Primer SN, Mapeprimer M) áður en Mapecfloor SL er borið á. Best er að bera grunninn á með sléttum spaða eða hrífu - allar holur eða loftgöt í yfirborðinu eiga að fyllt eftir að efnið er borið á og yfirborðið á að líta út fyrir að vera þétt án nokkurra sýnilegra þurra bletta. Vinsamlegast athugið grunninn sem er notaður og

**Mapecfloor SL:** er sjálfútleggjandi epoxýmáling. Varan er í samræmi við tæknilyngu fyrir meginreglur málingar (C) í EN 13813 og EN 1504-2: PI, IR, PR og MC.

## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

ATRÍÐI VÖRU		Hluti A	Hluti B	Hluti C
Litur:		litað	hálmilitur	hvítur
Útlit:		þéttur vökvi	vökvi	duft
Eðlisþyngd (g/cm <sup>3</sup> ):		1,16	1,06	-
Brookfield seigja við +23°C (mPa•s):		um það bil 2 100	um það bil 380	-
UPPLÝSINGAR VEGNA NOTKUNAR				
Litur blöndu:		litað		
Hlutfall blöndu:		70:32:100 hluti A: hluti B: hluti C		
Þéttleiki blöndu:		þéttur vökvi		
Þéttleiki blöndu (kg/m <sup>3</sup> ):		um það bil 1 580		
Brookfield seigja blöndu (mPa•s):		um það bil 3 100		
Hitasvið við notkun:		+12°C - 30°C		
Endingartími (EN 9514 – 500 g):		26 mínúta		
ENDANLEGIR EIGINLEIKAR (7 dagar við + 23 °C og 50 % hlutf.raka)				
Rykþurr:		um það bil 5 klst		
Tími fyrir ástig:		um það bil 24 klst		
Endanlegur hörðunartími:		7 dagar		
Shore D (ISO 868:2003):		um það bil 75		
Eiginleikar frammistöðu vöru eða kerfis	Prófunaraðferðir	Kröfur samkvæmt EN 13813 fyrir múr úr gerviefnaþeytu	Frammistaða vöru eða kerfis	
Slitþol:	EN 13892-4	< AR1	AR0,5	
Bindistyrkur:	EN 13892-8:2004	>1,5 N/mm <sup>2</sup>	> 4,7 N/mm <sup>2</sup>	
Höggþol:	EN 6272-1	> IR4	> IR4	
Viðnám gagnvart eldi:	EN 13501-1	Yfirlýst gildi	B <sub>fl</sub> – s1	
Eiginleikar frammistöðu vöru eða kerfis	Prófunaraðferðir	Kröfur samkvæmt EN 1504-2	Frammistaða vöru eða kerfis	
Þrýstistyrkur:	EN 12190	Flokkun I: ≥ 35 N/mm <sup>2</sup> (fyrir umferð með hjólum úr pólýamíð) Flokkun II: ≥ 50 N/mm <sup>2</sup> (fyrir umferð með hjólum úr stáli)	Flokkun II	
Núningsviðnám:	EN ISO 5470-1	< 3000 mg H22/1000 ferlar/álag 1000 g	< 250 mg	
Gljúpleiki gagnvart CO <sub>2</sub> :	EN 1062-6	Gljúpleiki gagnvart CO <sub>2</sub> SD > 50 m	Sd > 50 m	
Gljúpleiki vatnsgufu:	EN ISO 7783	Flokkun I: Sd < 5 m Flokkun II: 5 m < Sd < 50 m Flokkun III: Sd > 50 m	Flokkun II	
Háræða upptaka og gegndræpi vatns:	EN 1062-3	w < 0,1 kg/m <sup>2</sup> •h <sup>0,5</sup>	w < 0,01 kg/m <sup>2</sup> •h <sup>0,5</sup>	
Kemískt viðnám:	EN ISO 2812-1	Engir sýnilegir gallar eftir 30 daga áhrif	Sjá sérstakan lista	
Höggþol:	EN 6272-1	Flokkun I: ≥ 4 Nm Flokkun II: ≥ 10 Nm Flokkun III: ≥ 20 Nm	Flokkun I Flokkun III*	
Afdráttarpróf Viðmiðunaryfirborð: MC (0.40) eins og skilgreint í EN 1766, hörðunartími 7 dagar:	EN 1542	Meðaltal (N/mm <sup>2</sup> ) Sprungulokun eða sveigjanlegt kerfi með engri umferð: ≥ 0,8 (0,5) með umferð: ≥ 1,5 (1,0) Föst kerfi með engri umferð: ≥ 1,0 (0,7) með umferð: ≥ 2,0 (1,0)	> 4,7 N/mm <sup>2</sup>	
Viðnám gagnvart eldi:	EN 13501-1	Yfirlýst gildi	B <sub>fl</sub> -s1	

\* notað í kerfi Mapecfloor SL S

yfirmálunarhæfni (oft 24-48 klst). Ef farið er yfir þennan tímaverður að þússa grunninn og/ eða bera þarf á nýja umferð af grunnni.

## b. Málning

**Mapefloor SL** sjálfútleggjandi málning er borin á sléttihrífu eða V-laga spaða í æskilega a.m.k. 1 mm. Nota má gaddarúllu ef þörf krefur til að fjarlægja loftbólur ef þær eru til staðar.

Það má bæta við plastkornum (flögum) til fegrunar, ef slíkt er æskilegt.

## Notuð sem fjöllaga epoxýmálning 2,5 til 7 mm

### a. Grunnur

Ávallt skal hreinsa og undirbúa yfirborðið með grunnni (eins og **Primer SN**, **Mapeprimer M** eða **Mapeprimer P**) áður en **Mapefloor SL** er borið á. Best er að bera grunninn á með sléttum spaða eða hrífu - allar holur eða loftgöt í yfirborðinu eiga að fyllt eftir að efnið er borið á og yfirborðið á að líta út fyrir að vera þétt án nokkurra sýnilegra þurra bletta.

Það fer eftir gerð á grunni sem er notaður, en það ætti að dreifa þurrum sandi í kornastærð 0,1-0,5 eða 0,4-0,8 mm yfir grunninn með "korn við korn" aðferð á meðan grunnurinn er ennþá blautur, til að tryggja góða viðloðun á næstu umferð.

### b. Fjöllaga málning

Sjálfútleggjandi umferð af **Mapefloor SL** er borin á með því að nota sléttihrífu eða V-tenntan spaða í æskilegri þykkt í hið minnsta 1 mm, og þekja alveg með þurrum sandi í kornastærð 0,4-0,8 mm eða 0,7-1,2 mm. Hægt er að nota slitþolnari steinefni eins og **Dynagrip**, **Emery**, **Bauxite** eða malað granít til að auka slitþol.

Fyrir lagþykkt meiri en 5 mm - vinsamlegast berið á í tveimur umferðum. Vinsamlegast sjá kafla *Notkun*.

### c. Yfirmálun

Fjarlægja verður steinefni sem ekki ná að festast af þurru og hörðnuðu slityfirborðinu, og bera á yfirlag af **Mapefloor SL** með því að nota gúmmisköfu, sléttunarhrífu eða

V-tenntan spaða þar til að æskilegri áferð er náð.

## VINSAMLEGAST ATHUGIÐ!

Ef efnið er borið á á svæðum þar sem mikil þéttni er á CO<sub>2</sub>, mikill raki og/eða hitastig er lægra en 3 gráðum fyrir neðan daggarmark, getur þetta leitt til límkennds og mislits yfirborðs. Áður en lengra er haldið við meðhöndlun, verður að fjarlægja þetta og endurmála yfirborðið.

## HREINSUN

Verkfæri og búnað verður að hreinsa strax eftir notkun með **sérstökum þynni**, etanóli eða öðru hreinsiefni sem hentar fyrir epoxy. Þegar efnið hefur harðnað er hægt að hreinsa það með verkfærum.

## NOTKUN

Sjá sérstaka töflu. Notkun fer eftir hitastigi og grófleika og drægi yfirborðsins.

## PAKKNING

20,2 kg sett: Hluti A = 7 kg, hluti B = 3,2 kg hluti C = 10 kg.

## GEYMSLA

Eiginleikar varðandi notkun haldast óbreyttir í 18 mánuði ef geymt í óopnuðum upphaflegum umbúðum við hitastig á milli +5 °C og +30 °C.

## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar [www.mapei.no](http://www.mapei.no) okkar.

VARA TIL NOTKUNAR FYRIR FAGMENN!

## VIÐVÖRUN

*Vísbindingar og viðmiðunarreglur sem er að finna á þessu upplýsingablaði eru í samræmi við þekkingu og viðtæka reynslu fyrirtækisins, þá ber samt að skoða þær undir öllum kringumstæðum sem vísbindingu og nokkuð sem þarf að staðfesta með langvarandi notkun við raunverulegar aðstæður. Allar afhendingar vöru frá Mapei eru framkvæmdar í samræmi við sólu- og afhendingarskilmála*

## NOTKUN

Þykkt án grunns (mm)	SL fyrsta umferð (kg/m <sup>2</sup> )	SL Fyrsta söndun (kg/m <sup>2</sup> )	SL Önnur umferð (kg/m <sup>2</sup> )	SL Önnur söndun (kg/m <sup>2</sup> )	SL Yfirmálun (kg/m <sup>2</sup> )	SL samtals (kg/m <sup>2</sup> )	Notkunarvið
1 1,5	1,6 2,4					1,6 2,4	Gólf með lítilli umferð, vöruhús, verkstæði, framleiðsluiðnaður, rannsóknarstofur, gangar.
2 3 4	1,1 1,8 2,5	1,8 - 2,3 3,0 - 3,8 4,1 - 5,5			1,2 1,2 1,2	2,3 3,0 3,7	Fyrir miðlungs / mikið álag, vöruhús, framleiðsluiðnaður, svæði með akstri vörubíla.
5 6 7	3,3 1,8 2,5	5,6 - 6,7 3,0 - 3,8 4,1 - 5,5	3,0 3,0	3,0 - 3,8 3,0 - 3,8	1,2 1,2 1,2	4,5 6,0 6,7	Fyrir mikið álag. Kemísk vinnslu, matvælaíðnað, verksmiðjuíðnað, lóðrétt stöflun í vöruhúsum.

sem við eiga á hverjum tíma, og að því gefnu að þessir skilmálar séu samþykktir þegar pöntun er gerð.

Öll afgreiðsla frá Mapei AS er háð þeim sölu- og afgreiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykkt við pöntun efnisins á [www.mapei.com](http://www.mapei.com) tilgjengelig þá vár webside [www.mapei.no](http://www.mapei.no)

#### **TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI**

*Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð.*

*Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniþöðum frá heimasíðu okkar á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)*

**ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.**

**Allar viðeigandi tilvísanir um vöruna eru fáanlegar eftir beiðni og tiltækar á [www.mapei.no](http://www.mapei.no)**



**6732-07-2017 (IS)**

Any reproduction of texts, photos and illustrations published here is prohibited and subject to prosecution